

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2017

2018/EES/78/37

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/88/ESB frá 9. júlí 2014 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB að því er varðar sameiginlega öryggisvísa og sameiginlegar aðferðir við að reikna út kostnað vegna slysa ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0088**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/88/ESB frá 9. júlí 2014 (Stjúd. ESB L 201, 10.7.2014, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/88/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 201, 10.7.2014, bls. 9.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.